



Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1718
komudagur 22.2.2013

Dalvík, 22. febrúar 2013,

Efni: Umsögn bæjarráðs Dalvíkurbyggðar um frv. til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 570

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða sem nú liggur fyrir Alþingi, og er til umsagnar, er unnið í framhaldi af frv. sem var til umfjöllunar sl. vor og bæjarráð Dalvíkurbyggðar brást við með umsögn dags. 20. apríl 2012. Með umsögn bæjarráðs fylgdi úttekt KPMG um þau beinu efnahagslegu áhrif sem ætla mætti að setning laga á grundvelli þeirra frumvarpa um sjávarútveg þá voru til umfjöllunar hefðu á Dalvíkurbyggð, frv. til laga um stjórn fiskveiða og frv. til laga um veiðigjöld. Umsögn bæjarráðs Dalvíkurbyggðar og úttekt KPMG liggja því fyrir í gagnasafni nefndarinnar.

Alþingi samþykkti lög um veiðigjöld sl. vor en nú er frv. um stjórn fiskveiða flutt að nýju. Bæjarráð metur það svo að þrátt fyrir breytingar eigi umsögn bæjarráðs sem send var sl. vor enn við og ítrekar hana hér með.

Bæjarráð leggur áherslu á að löggjafinn hafi það í huga við þær breytingar sem gerðar eru á lögum um stjórn fiskveiða að þær auki þá festu og atvinnuöryggi sem íbúar sjávarbyggðanna þarfnast.

Fyrir hönd bæjarráðs Dalvíkurbyggðar,


Guðrún Pálína Jóhannsdóttir

sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.